

REGLUGERÐ**um gjald af fob-verði bifreiða og bifhjóla.****1. gr.**

Gjald samkvæmt 16. gr. laga nr. 4/1960 skal innheimt við tollafgreiðslu. Gjald þetta skal innheimt af öllum bifreiðum að burðarmagni minna en 3 tonn, að undanskildum almenningsbifreiðum skv. nr. 87.02.20 í tollskrá, sjúkra-, bruna- og snjóbifreiðum, svo og bifreiðum, sem eru hvort tveggja lögreglu- og sjúkrabifreiðar, samkv. nr. 87.02.38 í tollskrá.

2. gr.

Gjaldið af gjaldskyldum bifreiðum er ákveðið 125% af fob-verði eða eftir atvikum matsverði bifreiða, án tillits til þess, hvort bifreiðin er notuð eða ný, öðrum en jeppabifreiðum skv. nr. 87.02.37 í tollskrá, en af þeim skal greiða 30% gjald. Gjald af bifhjólum er á sama hátt ákveðið 25% af fob-verði.

3. gr.

Bifreiðastjórar, sem hafa kennslu í bifreiðaakstri að aðalstarfi, leigubifreiðastjórar, sem hafa akstur allt að 8 farþega leigubifreiðar til fólksflutninga að aðalstarfi og sendiferðabifreiðastjórar, sem hafa akstur allt að 3. tonna sendiferðabifreiðar að aðalstarfi, mega við tollafgreiðslu greiða 30% gjald af fob-verði bifreiðar í reiðu fé, en eftirstöðvarnar (95%) með skuldabréfi. Þeir bifreiðastjórar, sem hafa ökukennslu að aukastarfi og þeir leigu- og sendiferðabifreiðastjórar, sem hafa aksturinn að aukastarfi, mega við tollafgreiðslu greiða 65% gjald af fob-verði bifreiðanna í reiðu fé, en eftirstöðvarnar (60%) með skuldabréfi.

Taka skal veð í viðkomandi bifreiðum fyrir þeirri upphæð, sem greidd er með skuldabréfi. Veðskuldabréf þessi skulu afskrifuð með jöfnum mánaðarlegum upphæðum, þannig að veðskuldin sé að fullu fallin niður að þremur árum liðnum frá undirskrift bréfsins, þegar um er að ræða skuld leigu- eða sendiferðabifreiðastjóra, sem hefur greitt 95% gjald með skuldabréfi en að fimm árum liðnum þegar um er að ræða skuld ökukennara svo og bifreiðastjóra, sem greitt hefur 60% gjald með skuldabréfi miðað við það, að hann hafi akstur leigu- eða sendiferðabifreiðar að aukastarfi.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 35. gr. laga nr. 4/1960, um efna-hagsmál, tekur þegar gildi, þó skulu þær jeppabifreiðar tollafgreiddar eftir eldri reglum, sem sannanlega hafa verið endanlega keyptar erlendis frá og seldar innanlands til ákveðinna kaupenda. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 139/1965, um gjald af fob-verði bifreiða.

Fjármálaráðuneytið, 18. janúar 1966.

Magnús Jónsson.

Björn Hermannsson.